



## Fundur í hafnarnefnd

**11. fundur hafnarnefndar haldinn að Fjarðarvegi 3 Þórshöfn föstudaginn 14. ágúst 2020. Fundur var settur kl. 12:00.**

**Mættir voru:** Halldór Rúnar Stefánsson, Árni Bragi Njálsson, Jónas Jóhannsson, Þorri Friðriksson staðgengill forstöðumanns Þjónustumiðstöðvar Langanesbyggðar og Jónas Egilsson sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og spurði hvort athugasemdir væru gerðar væru við fundarboð. Svo var ekki.

### Fundargerð

#### 1. Staða hafnarframkvæmda á Þórshöfn og á Bakkafirði

Farið var yfir áætlaðar dýpkunarframkvæmdir við höfnina á Þórshöfn eru hafnar og áætlað að framkvæmdir standi í um þrjá mánuði.

Samþykkt að skoða möguleika á að flytja olíuafgreiðslu á NA horn hafskipabryggjunnar vegna öryggismála og hvort ekki sköpuðust ný tækifæri fyrir viðbótarlegupláss við smábátahöfnina. Ákveðið að fela Þjónustumiðstöðinni að skoða málin nánar og ræða við helstu hagsmunaaðila.

#### 2. Staða framkvæmda í Bakkafjarðarhöfn

Vegagerðinni bárust ekki tilboð í útboð á framkvæmdum við viðgerðir á varnargarðinum við höfnina á Bakkafirði. Vegagerðin er að leita leiða til að fá verktaka að verkefningu á skynsamlegum verðum.

Rætt um umgengismál á hafnarsvæði á Bakkafirði. Ljóst er að gera þarf úrbætur á skipulagi og umgengni, malbikun hafnarsvæðis o.fl. Ákveðið koma með áætlun um aðgerðir fyrir fjárhagsáætlun næsta árs. Enn fremur ákveðið að auglýsa með formlegum hætti eftir eigendum rusl á svæðinu og gefa þeim frest til að fjarlægja það í haust.

#### 3. Önnur mál

3.1. Tilraunaskot Skyora mun væntanlega skjóta tilraunaeldflug upp frá Sauðanesi um helgina. Hlutaðeigandi aðilum hefur verið gert viðvart, þ.m.t. skipum og bátum. Samið verður við björgunarsveitina Hafliða um að endurheimta flaugina þegar hún fellur niður til jarðar að nýju.

3.2. Nefndin leggur til að „strandveiðislútti“ verði aflýst ár vegna Covid-smithættu.

Fundargerðin upplestin og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:40.